

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi



Dags eftirlits	2.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	610911-0480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Jónasdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram í eftirlitinu, þess efnis að ráðstöfunum til að hindra að hættuleg efni berist út í umhverfið er ábótavant.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Upplýsingar sem eiga að koma fram í ársyfirliti skulu settar fram á skýran og auðlesinn hátt. 2) Öryggisblöð skulu vera aðgengileg alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Ekkert frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Stolt Sea Farm.

Starfsleyfi Stolt Sea Farm gildi til 1. júlí 2024, en áður en það rann út var það framlengt um allt að einu ári. Þann 27. júní 2025 var tekin ákvörðun um útgáfu bráðabirgðaheimildar sem gildir þar til starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en ár frá útgáfudegi. Samkvæmt starfsleyfi er rekstraraðila heimilt að framleiða allt að 2.000 tonn af senegalflúru og gullinrafa.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Tvö frávík komu fram í síðasta eftirliti en þeim hefur báðum verið lokað. Ein ábending var sett fram í síðasta eftirliti og verður fjallað nánar um hana síðar í skýrslunni. Starfsleyfi rekstraraðila rann út þann 1. júlí 2024. Þann 10. júní 2024 var ákveðið að framlengja starfsleyfið þar til nýtt starfsleyfi yrði gefið út en ekki lengur en til 1. júlí 2025. Þann 27. júní 2025 var gefin út bráðabirgðaheimild sem gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó ekki lengur en í ár frá útgáfu bráðabirgðaheimildarinnar.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti vegna ársins 2024 og umhverfisupplýsingum var skilað þann 30. apríl 2025. Rekstraraðila er bent á að setja allar upplýsingar sem eiga að koma fram í skýrslunum, fram á skýran og auðlesinn hátt. Fosfórlosun árið 2024 var innan leyfilegra marka skv. núgildandi starfsleyfi, en ítrekuð er ábending sem var sett fram í eftirliti 2024 þess efnis að í nýju starfsleyfi verða kröfur varðandi losun fosfórs hertar talsvert og því nauðsynlegt fyrir rekstraraðila að draga eins og kostur er úr losun fosfórs frá rekstrinum.

Samkvæmt núgildandi starfsleyfi skal rekstraraðili taka sýni úr frárennsli á þriggja ára fresti. Síðasta sýnataka fór fram í janúar 2023 og er rekstraraðili því minntur á að taka þarf sýni úr frárennsli í janúar 2026 (eða skv. nýju starfsleyfi verði það gefið út fyrr).

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn

sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Hingað til hafa gögn frá rekstraraðilum í sumum tilfellum einungis verið rýnd áður en farið er í vettvangsheimsókn en það verklag hefur getað orðið til þess að gögn hafa beðið hjá stofnuninni í allt að þrjú ár án þess að þau hafi verið rýnd.

Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum til kynningar.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Að eftirlitinu loknu barst eftirlitsaðila skírteini því til staðfestingar.

5. Önnur mál

Rekstraraðili nýtir fimm borholur á lóð sinni. Nýtingarleyfi hefur ekki verið gefið út vegna þeirra.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Ráðstöfunum til að hindra að hættuleg efni berist út í umhverfið er ábótavant og er skráð frávík vegna þess, t.d. mega ílát ekki standa útfyrir lekabyttur sem þau standa á og lekabyttur þurfa að geta tekið við því magni sem stendur á þeim. Rekstraraðila er bent á að tryggja að öryggisblöð séu aðgengileg (má vera rafrænt) alls staðar þar sem efni eru geymd eða notuð. Ekki eru gerðar frekari athugasemdir við umgengni og frágang.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

Gr. 2.10 í starfsleyfi

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá m.a. eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þau berist út í umhverfið. Ílát skulu standa á lekabyttum sem geta tekið við því magni sem stendur á þeim.


ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Upplýsingar sem eiga að koma fram í ársyfirliti skulu settar fram á skýran og auðlesinn hátt. 2) Öryggisblöð skulu vera aðgengileg alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.

Reykjavík, 30.10.2025

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.


Freyr Ávarsson